


Heimtur sjógönguseiða í Langá 1993

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/94004x

94005x



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild

## 1. INNGANGUR

Í Langá á Mýrum hefur verið sleppt merktum sjógönguseiðum til fiðkræktar í ánni, samfelldt frá árinu 1982. Helstu markmið þessara sleppinga hefur verið að efla laxgengd í ána með slíkum sleppingum, en jafnframt gerðar tilraunir með sleppistaði og sleppitækni.

Hér er gerð grein fyrir árangri sleppinga 1993 í samanburði við árangur fyrri ára. Þá verður fjallað um þær sleppingar er fram fóru sumarið 1993.

Niðurstöður fyrri ára hafa sýnt að sveiflur í endurheimtum eru mjög miklar. Bestu heimtur sem komið hafa, jafnast á við besta árangur sem náðst hefur í hafbeit, en oftast hafa endurheimtur reynst það lélegar, að árangur hefur orðið lítil. Athyglisverðar niðurstöður hafa fengist um áhrif sleppistaða á endurheimtur, og enn fremur virðist mega auka endurheimtur frá sleppistöðum ofarlega í ánni með flutningi seiða niður á ósasvæði árinna.

## 2. SLEPPINGAR 1993.

Sumarið 1993 var sleppt um 7000 laxaseiðum af Langárstofni (Tafla 1) og voru seiðin kostuð af Jóhannesi Guðmundssyni, þar af voru merkt um 3000 seiði. Ákvörðun um sleppinguna var tekin seint og seiðin ekki flutt í ána fyrr en 12. júní. Tilraun var gerð með að setja seiðin í sleppistöðu við Kattarfoss, en þar var fyrir steypt þró, sem gerðar voru endurbætur á fyrir flutning seiðanna. Fylgst var með seiðunum á aðlögunartímabilinu, mældur þyngdarstuðull reglulega, sem mælikvarði á smoltunarstig. Þann 28. júní var opnað fyrir útgöngu seiða úr þrónni og þann 30. júní hafði meiri hluti seiðanna gengið út úr þrónni. Vatnshitinn var á bilinu 9 - 14 stig á tímabilinu 12 -28. júní.

Seiðin virtust smoltast eðlilega, en hins vegar er ekki mælt með því að seiði séu tekin svo seint í ána til aðlögunar.

## 2. NIÐURSTÖÐUR

### 2.1. Endurheimtur 1993.

Alls komu fram 39 örmerktir laxar í Langá sumarið 1993 (Tafla 2). Hlutfall merktra af heildarveiði varð því 5,0%, en alls veiddust 777 laxar í ánni.

Alls voru 38 laxar upprunnir úr sleppingum í Langá 1991-1992, en einn lax kom fram sem flækingur úr sleppingu í hafbeitarstöð Silfurlax hf í Hraunsfirði árið 1992.

Af þeim löxum sem veiddust í Langá 1992, komu fram 15 laxar úr sleppingu í Sjávarfoss 1992, 21 lax úr sleppingu í Sveðjufoss 1992 og 2 laxar úr sleppingu í Sveðjufoss 1991.

Til viðbótar þeim löxum sem komu fram í Langá, úr sleppingum í Langá 1991-1992, komu fram fjórir merktir laxar annars staðar, allir í sjávarveiði. Þar af kom fram tveir laxar í sjávarveiði í Hvalfirði (Tafla 3) og tveir laxar á Rauðanesi.

### 2.2. Endurheimtur úr sleppingum 1982 - 1992.

Sleppingarnar 1992, skiluðu fremur slökum árangri. Sleppingar í Sjávarfoss skiluðu 0,55% endurheimtum í stangveiði og sleppingar í Sveðjufoss 0,4% endurheimtum alls, þar af 0,3% í stangveiði.

Ekki hafa því náðst umtalsverðar heimtur úr gönguseiða-sleppingunum í Langá síðan frá sleppingunni 1989 (Tafla 4).

## 3. UMRÆÐUR

Eins og fram hefur komið í rannsóknum í Langá eru endurheimtur á sjógönguseiðum mjög sveiflukenndar. Þessar sveiflur eru of miklar til að kenna megí um breytilegu sjávarumhverfi. Þeir þættir sem huga ber að eru seiðagæði (eldisferill, ljóslota, vetrarmeðferð o.fl), tímasetning flutnings í ána og sleppitækni.

Líklegt er að eldisferillinn sé lykillinn að því að bæta megi þennan árangur, ennfremur er áriðandi að seiðin séu flutt snemma í sleppiaðstöðu og fái þar góða umhirðu þar til að þau eru tilbúin að ganga til sjávar.

Nú eru hafnar rannsóknir á gæðum sjógönguseiða til fiskræktar og er m.a. verið að kanna hvort framleiðsla tveggja ára seiði sé þar líklegri til betri árangurs. Við framleiðslu eins árs seiða sem nú tíðkast í hafbeit og fiskrækt, er mjög mikilvægt að eldisstöðvar fari eftir grundvallarreglum í meðferð seiða, en þar felast í því að seiðin hafi náð 10-11 sm stærð um áramót og fái eftir það náttúrulega daglengd (ljóslotu) og kælingu á vatni fram á vor en þá sé aftur hitað á seiðunum.

TAFLA 1

Sleppingar sjögönguseiða í Langá á Mýrum  
1982 - 1993, eftir stofnum og sleppistöðum.

ÁR	SLEPPI- STAÐUR	LAXASTOFN	FJÖLDI SEIÐA	ALDUR ár
1982	Sjávarfoss	Þverá	4000	1+
1983	Sjávarfoss	Laxá í Dölum	4009	1+
1984	Sjávarfoss Sjávarfoss Sveðjufoss Sveðjufoss Samtals	Lárós Kollafjörður Lárós Kollafjörður	957 1005 1006 1005 3973	1+ 1+ 1+ 1+
1985	Sjávarfoss Sjávarfoss Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Þverá Norðurá Haukadalsá Þverá	5866 1012 1002 2148 10028	1+ 2+ 1+ 1+
1986	Breiðan	Bl. Vesturland	2148	1+
1987	Sjávarfoss Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Bl. Vesturland Langá Langá	1940 2350 2985 7275	1+ 1+ 1+
1988	Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Langá Langá	2006 2010 5023	1+ 1+
1989	Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Langá Langá	3005 2018 5023	1+ 1+
1990	Sjávarfoss	Bl. Vesturland	2437	1+
1991	Sjávarfoss Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Straumfjarðará Elliðaár Straumfjarðará	1004 1840 2555 5399	1+ 1+ 1+
1992	Sjávarfoss Sveðjufoss Samtals	Langá Langá	2796 6117 8913	1+ 1+
1993	Kattarfoss	Langá	7000	1+

TAFLA 2

Endurheimtur á örmerktum löxum í Langá 1993  
eftir sleppistað og sleppihóp.

SLEPPI- STAÐUR	SLEPPI- HÓPUR	SLEPPI- ÁR	FJÖLDI MERKTRA	% FJÖLDI MERKTRA
Langá	Sjávarfoss	1992	15	38,4
Langá	Sveðjufoss	1992	21	53,8
Langá	Sveðjufoss	1991	2	5,1
Hraunsfj.		1992	1	2,6
Samtals			39	100

TAFLA 3

Fjöldi örmerktra laxa sleppt í Langá 1991-1992  
sem fram kom sumarið 1993, eftir endurheimtustöðum.

ENDURHEIMTU- STAÐUR	SVEDJUFLOSS 1991	SJÁVARFOSS 1992	SVEDJUFLOSS 1992
Langá	2	15	21
Rauðanes	0	0	2
Kúludalsá	0	0	1
Innri Hólmur	0	0	1

## TAFLA 4

Endurheimtuprósentu örmerktra laxa í  
Langá á Mýrum og annars staðar árin 1983 - 1993  
eftir sleppistöðum.

SLEPPI ÁR	SJÁVAR FOSS Langá	SJÁVAR FOSS Annað	SJÁVAR FOSS Heild	SVEÐJU FOSS Langá	SVEÐJU FOSS Annað	SVEÐJU FOSS Heild
1982	0,8	0,7	1,5			
1983	0,8	0,1	0,9			
1984	0,7	0,1	0,8	0,5	0,1	0,6
1985	3,2	2,7	5,9	1,0	0,4	1,4
1986	0,05	0,0	0,05			
1987	0,3	0,2	0,5	0,1	0,0	0,1
1988	0,4	0,0	0,4	0,05	0,0	0,05
1989	3,8	0,8	4,6	2,3	0,4	2,7
1990	0,3	0,2	0,5			
1991	0,3	0,2	0,5	1,5	1,0	2,4
1992	0,55	0,0	0,55	0,3	0,1	0,4
Meðal- tal	1,0	0,5	1,5	0,8	0,3	1,1